

Hafnarbraut 3 – tillaga að breyttu deiliskipulagi

25.06.2015

HB 1504140

Greinargerð skipulags-og byggingarfulltrúa

Breytingartillagan sem lögð var inn til skipulags-og byggingarfulltrúa í apríl 2015, tekur aðeins til lóðarinnar nr. 3., við Hafnarbraut og hefur það markmið að staðsetja kælibúnað (eimsvala og afskermandi vegg) á þak hússins við Hafnarbraut 3.

Tillagan var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Suðurgötu 10, 16, 17, 18, og 19 og eigendum húsa við Háteig 10, 12, 14, og 16.

Athugasemdir bárust frá íbúum við Háteig og Suðurgötu:

Athugasemdir:

- Telja að útsýni skerðist enn frekar yfir flóann
- Tvöföldun á kæliviftum komi til með að auka enn frekar hávaðann sem frá honum stafar

Einnig hvetja þau skipulagsyfirvöld til þess að láta færa núverandi búnað ásamt steypublokkunum sem allra fyrst bakvið húsið að Hafnarbraut 3, til að minnka hávaðarmengun sem berst upp í íbúðarhverfið og sem mælingar sýna að eru yfir heilsuverndarmörkum.

Greining á athugasemdum:

- Miðað við loftmynd af staðnum og myndir sem teknar eru frá svæðinu, þá getur ekki talist að útsýni skerðist frekar yfir flóann, í dag er húsið Hafnarbraut 3 til austurs hærra en þar sem kælibúnaðurinn er/kemur og svo tankar þar til suðurs einnig, sem gerir það að verkum að ekki er útsýni í þá áttina.
- Samkvæmt umsögn sem gerð var af Gunnari Birni Jónssyni, frá Mannvit, sem gerð var 12 mars 2015. Kemur fram að með því að setja upp nýjan búnað, loftkældan eimsvala frá Goedhart GEA með 1050 kW heildarafköst, sem uppgæfið er hljóðafli $L_w=76\text{db(A)}$. Hljóðstig í 10 m fjarlægð er gefið upp á bilinu $L_p=41-43\text{ db(A)}$. Samkvæmt þessu ætti hljóðstig frá búnaðnum að vera 30 db(A) við næstu íbúðarhús, sem er innan marka sem reglugerðin setur.


Sjá töflu úr reglugerðinni.

Tafla III. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.							
Tegund húsnæðis	Mörk fyrir atvinnustarfsemi						
	L _{Aeq} (07-19)		L _{Aeq} (19-23)		L _{Aeq} (23-07)		L _A F _{max} nótt
	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Inni
Íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum	50	30	45	30	40	25	40
Íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum	55	30	55	30	40	30	45
Dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	60*	35	50*	35	50*	30	45
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði	70		70		70		
Frístundabyggð	35		35		35		35
Leik- og grunnskólar	50*	30					
Kennslurými framhaldsskóla		30					
Hávaðalitlir vinnustaðir, s.s. skrifstofur og sambærilegt		30					

Niðurstaða:

Ef tekið er mið af greiningu á athugasemdum, þá telur undirrituð að ekki verður útsýnisskerðing hjá íbúum, né hljóðónæði fyrir íbúa í nágrenni Hafnarbrautar 3.

Hb granda verði gert að gera nýja hávaðamælingu (hjá óskyldum aðila) þegar nýju kælivifturnar eru komnar upp og sýna fram á að þetta sé innan marka byggingarreglugerðarinnar.



Hildur Bjarnadóttir

Skipulags-og byggingarfulltrúi